

M-17/2016. Álit 14. júlí 2017.

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 14. júlí 2017 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-17/2016.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 12. febrúar 2016 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notaðri bifreið af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir bifreiðina gallaða og krefst skaðabóta.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 18. febrúar 2016, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Seljandi óskaði eftir frekari fresti til að skila andsvörum sem samþykktur var til 9. mars 2016. Andsvör seljanda bárust nefndinni þann dag. Hinn 28. ágúst 2016 voru álitsbeiðanda send andsvörin til upplýsinga og henni bent á heimild til að hafa uppi athugasemdir vegna andsvaranna. Hún nýtti sér þá heimild og skilaði athugasemdum þann 25. október 2016. Athugasemdir álitsbeiðanda voru sendar til seljanda þann 1. nóvember 2016 og honum bent á heimild til að hafa uppi athugasemdir vegna þeirra innan tveggja vikna. Hann nýtti sér ekki þá heimild og nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 3. júlí 2017, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi keypti bifreiðina XX-000, af gerðinni Mazda 6, árgerð 2007, af seljanda þann 9. júlí 2015 fyrir 1.345.000 krónur. Bifreiðin hafði við kaupin verið ekin um 146.000 km. að sögn álitsbeiðanda, en 145.000 km. samkvæmt kaupsamningi. Þann 24. júlí bilaði útblásturskerfi bifreiðarinnar, er álitsbeiðandi var á leið í sumarbústað, en það féll niður og var það lagfært á kostnað álitsbeiðanda. Bifreiðin bilaði enn á ný 24 dögum síðar, þann 17. ágúst 2015, sem lýsti sér þannig að hún missti afl, gaf frá sér einkennileg hljóð og kveikti smurþrýstingsviðvörundarljós. Bifreiðin var færð á verkstæði en þar var álitsbeiðanda tjáð að vél hennar væri ónýt og einnig sjálfsskiptingin.

Skipt var um vél í bifreiðinni og sett í hana vél sem álitsbeiðandi keypti notaða á 250.000 krónur. Ekki hefur verið gert við sjálfsskiptingu þar sem kostnaður við það er ærinn og notuð sjálfsskipting hefur ekki fundist til sölu, en kaup á notaðri skiptingu mun takmarka kostnað við viðgerð. Bifreiðin hefur því verið óökufær í langan tíma eða frá því rúmum 5 vikum eftir kaupin. Álitsbeiðandi segir að fagmenn áætli að viðgerð á sjálfsskiptingu kosti ekki undir 700.000 krónur. Álitsbeiðandi hafði ekið bifreiðina um 2.000 - 3.000 km. þegar hún bilaði þann 17. ágúst og var næsta smurning áætluð við 150.800 km.

Álitsbeiðandi telur að um galla sé að ræða samkvæmt a-lið 1. mgr. 17. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup þar sem ástand bifreiðarinnar hafi reynst til muna verra en ætla mátti miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti. Álitsbeiðandi segist hafa keypt bifreiðina í góðri trú um að með kaupum af sérfróðum aðila væri staða hennar betri þar sem hún hafi lagt traust sitt á orð seljanda um að bifreiðin væri góð. Álitsbeiðandi kveðst ítrekað hafa haft

samband við seljanda vegna málsins þar sem hún óskaði eftir að lausn náist í málinu en seljandi hafi hafnað öllum kröfum og ráðið sér lögfræðing.

Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði henni skaðabætur að fjárhæð 950.000 krónur vegna kostnaðar við viðgerðir, sem skiptist í 250.000 krónur vegna kaupa á nýrri vél og 700.000 krónur vegna fyrirhugaðrar viðgerðar við sjálfsskiptingu. Til vara er þess krafist að seljanda verði gert að greiða skaðabætur vegna gallans að mati nefndarinnar.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kveðst hann hafa eignast bifreiðina í viðskiptum fjórum dögum fyrir sölu til álitsbeiðanda en áður hafi hún verið í eigu sama aðila í fjögur ár. Telur hann að bifreiðin hafi verið í góðu ásigkomulagi er álitsbeiðandi fékk hana afhenta enda hafi hún komist athugasemdalaust í gegnum ástandsskoðun skömmu áður, þann 4. febrúar 2015 er hún var ekin 142.023 km. Þann 18. ágúst hafði álitsbeiðandi samband og tjáði seljanda að vél bifreiðarinnar væri ónýt og þústið hefði hrunið undan bílnum auk þess sem skiptingin væri ónýt. Seljandi kveðst í kjölfarið hafa óskað eftir nánari skýringum á orsök bilunarinnar. Engar skýringar hafi hins vegar borist og álitsbeiðandi hafi ekki lagt fram gögn um að vél og sjálfsskipting sé ónýt eða hver örsök þessara bilana er.

Seljandi hafnar öllum kröfum kaupanda og tekur fram að bifreiðin hafi verið seld í því ástandi sem hún var samkvæmt fyrirvara í kaupsamningi, og því gildi 17. gr. laga nr. 48/2003 um kaupin. Þar segir að söluhlutur teljist gallaður þrátt fyrir slíkan almennan fyrirvara ef ástand hans er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-liður 1. mgr. ákvæðisins. Við mat á því hvort söluhlutur sé í verra ástandi geti t.d. skipt máli ef söluhlutur hefur verið seldur undir markaðsverði eða hvort neytandi hafi rannsakað söluhlut fyrir kaupin. Í því sambandi bendir seljandi á að hann hafi hvatt álitsbeiðanda til að láta óháðan aðila ástands skoða bifreiðina en álitsbeiðandi hafi kosið að gera það ekki. Ef bifreiðin hefði farið í ástandsskoðun telur seljandi að í ljós hefði komið að sjálfsskipting og vél væru ónýt. Því sé bifreiðin ekki í verra ástandi og ekki gölluð í skilningi a-liðar 1. mgr. 17. gr. laga nr. 48/2003. Þá tekur seljandi fram að rík skoðunarskylda hvíli á kaupanda bifreiðar og ef sú skylda er vanrækt geti kaupandi glatað rétti til að bera fyrir sig galla.

Seljandi bendir einnig á ákvæði 3. mgr. 16. gr. laga nr. 48/2003 þar sem segir að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann mátti vita þegar kaupin voru gerð. Þar sem bifreiðin hafi ekki verið skoðuð af óháðum aðila þrátt fyrir ábendingar seljanda og í kaupsamningi telur seljandi að álitsbeiðandi geti ekki borið það fyrir sig sem galla er hann hefði mátt vita við kaupin.

Seljandi tekur fram að bifreiðin hafi komist athugasemdalaust gegnum lögbundna aðalskoðun og ef vél eða sjálfsskipting hafi verið ónýt hefði verið gerð athugasemd við það. Er því hafnað að bifreiðin hafi verið haldin galla í skilningi a-liðar 1. mgr. 17. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Þá hafi bifreiðin ávallt verið smurð á réttum tíma samkvæmt smurbók og slíkt renni frekari stoðum undir það að vél og sjálfsskipting hafi verið í lagi þegar seljandi afhenti álitsbeiðanda bifreiðina. Auk þess sé um 9 ára bifreið að ræða sem ekin var um 145.000 km. Álitsbeiðandi geti ekki gert kröfur eins og um nýja bifreið sé að ræða heldur mátti búast við því að bifreiðin muni þarfnast einhvers viðhalds og upp geti komið bilanir, t.d. í vél og sjálfsskiptingu. Slík bilun getur ekki komið upp að sögn seljanda, í vél og sjálfsskiptingu, nema vegna óeðlilegrar meðferðar og því veltir seljandi fyrir sér hvort álitsbeiðandi hafi keyrt á grjót er hún hafi farið í sumarbústaðarferð á bifreiðinni þann 24. júlí 2015, þann dag sem þústið datt undan, með þeim afleiðingum að gat hafi komið á olíupönnuna og vélin brætt úr sér.

Þá segir seljandi að álitsbeiðandi beri sönnunarbyrðina fyrir því að bifreiðin hafi verið haldin galla, enda hafi ákvæði 2. mgr. 18. gr., um að seljanda beri að sanna að galli hafi ekki verið til staðar innan 6 mánaða frá kaupum, ekki áhrif á meginregluna um að sá sem heldur fram galla verði að sýna fram á að hann sé til staðar. Álitsbeiðandi hafi ekki lagt fram gögn um að vél bifreiðarinnar eða sjálfsskipting sé ónýt eða hver orsök þess sé. Einu gögnin sem álitsbeiðandi hafi lagt fram sé kvittun fyrir kaupum fyrirtækisins Z, á vél, en engin staðfesting liggja fyrir um hvort skipt hafi verið um vél í bifreiðinni.

Af þeim sökum beri að hafna kröfum álitsbeiðanda.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda vegna andsvara seljanda er tekið fram að eiganda seljanda hafi verið gefið upp símanúmer hjá bifvélavirkja sem vann við bifreiðina vegna gallans. Því er röksemdum seljanda, um að álitsbeiðandi hafi ekki orðið við því að staðfesta bilun, mótmælt. Meðfylgjandi athugasemdum álitsbeiðanda er yfirlýsing frá bifreiðaverkstæði vegna viðgerða og myndir af bifreiðinni. Í yfirlýsingunni kemur fram að eftir að skipt hafi verið um vélna, sem var ónýt, hafi komið í ljós að sjálfsskiptingin væri líka ónýt. Engar óyggjandi skýringar hafi fundist á því hvað hafi valdið biluninni. Næg olía hafi verið á sjálfsskiptingunni þegar hún kom í viðgerð en reyndur bifvélavirki hafi komið með þá tilgátu að bifreiðinni hafi áður verið ekið án þess að næg olía hafi verið á sjálfsskiptingu og hún verið að hruni komin vegna þessa. Við skoðun á bifreiðinni sáust engin ummerki um að ekið hafi verið á grjót né að tjón hafi orðið. Undirvagn er hins vegar ryðgaður sem sást við skoðun.

Álitsbeiðandi tekur fram að hún hafi ekki komist í sumarbústaðarferð á bílnum þar sem þústið hafi hrunið undan honum og hafi hún ekki keyrt á grjót líkt og seljandi haldi fram. Þá segir álitsbeiðandi að fyrirtækið er keypti vél í bifreiðina sé fyrirtæki foreldra hennar sem hafi aðstoðað hana í þessu máli, m.a. með því að lána henni fyrir kaupum á vélinni. Engar greiðslukvittanir séu til staðar vegna viðgerðar á sjálfsskiptingu þar sem hún hafi ekki enn farið fram, en kostnaður vegna þessa muni hlaupa hátt á verð bifreiðarinnar sjálfrar. Þá bendir álitsbeiðandi á að bifreiðin hafi verið 8 ára er hún bilaði en ekki 9 ára líkt og seljandi haldi fram.

Álitsbeiðandi kveðst hafa haldið að bifreiðin væri í lagi þar sem hún hafi farið í gegnum lögbundna skoðun skömmu fyrir kaupin. Þá hafi hún treyst eiganda seljanda er hann mælti með bifreiðinni og sagði hana vera gott eintak. Álitsbeiðandi segist að sjálfsögðu hafa gert ráð fyrir því að bifreiðin muni þarfnast viðhalds. Enginn búist hins vegar við því að bæði vél og sjálfsskipting fari í bifreið sem hafi verið keypt 38 dögum áður, og notuð í aðeins um 20 daga, vegna þess tíma sem fór í að gera við þúst bifreiðarinnar. Þá hafi ekki verið komið að smurningu eða neinu öðru viðhaldi.

Bifreiðin er að mati álitsbeiðanda samkvæmt framansögðu haldin galla í skilningi a-liðar 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup enda standist hún ekki kröfur í 15. gr. laganna, sbr. b-liður þess ákvæðis.

VI

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og framan er rakið keypti álitsbeiðanda bifreiðina XX-000 þann 9. júlí 2015 fyrir 1.345.000 krónur. Bifreiðin er árgerð 2007 og var því rúmlega 8 ára á kaupdegi og við kaupin hafði hún verið ekin rúmlega 146.000 km. Álitsbeiðandi telur að bifreiðin hafi verið haldin

leyndum galla við kaupin, en þann 17. ágúst 2015 bilaði bifreiðin og í ljós kom að bæði vél og sjálfsskipting hennar væri ónýtt. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði sér skaðabætur að fjárhæð 950.000 krónur sem svara til þess kostnaðar sem hún hefur og mun fjárfjarleglega greiða vegna viðgerða. Seljandi hafnar bótaskyldu á þeim grundvelli að álitsbeiðandi hafi vanrækt skoðunarskyldu sína auk þess sem ekki liggja fyrir að bifreiðin hafi verið haldin galla við kaupin.

Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni, dags. 9. júlí 2015, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. [...] Kaupandi er hvattur til að kynna sér verð á sambærilegum ökutækjum fyrir undirritun kaupsamnings!“

Kærunefndin álitur að um kaupin gildi 16. og 17. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) en í 1. mgr. 17. gr. kemur fram að þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara teljist hann gallaður þegar:

„a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;

b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í b- og c- lið 16. gr. segir að söluhlutur sé gallaður ef:

„b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin; c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin;“

Í athugasemdum í frumvarpi til nkpl. við b-lið 1. mgr. 16. gr., segir:

„Í raun felst í ákvæðinu skylda seljanda til að gefa upplýsingar um alla galla eða óheppilega eiginleika söluhlutar sem máli skipta [...]. Um er að ræða lágmarksreglu, sem ekki er unnt að víkja til hliðar með almennri tilvísun eins og þeirri að hlutur sé „seldur í því ástandi sem hann er“. Nær upplýsingaskylda seljanda ekki aðeins til atvika sem hann þekkir heldur líka til atvika sem ekki er afsakanlegt að seljandinn viti ekki um. Láti seljandinn hjá líða að upplýsa um slík atvik eru afleiðingarnar eftir atvikum þær að söluhlutur telst gallaður.“

Í 3. mgr. 16. gr. nkpl. kemur síðan fram að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Í framangreindum ákvæðum er annarsvegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og aðgæsluskyldu kaupanda, auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er mun verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti. Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ líkt og fram kemur í 1. mgr. 26. gr. nkpl.

Kærunefndin telur sannað í málinu að bæði vél og sjálfsskipting bifreiðarinnar hafi bilað 38 dögum eftir kaupin og hefur það verið staðfest af bifvélavirkja sem skoðaði bifreiðina þann 17. ágúst 2015, samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja. Kærunefnd

lausafjár- og þjónustukaupa telur þó vandséð að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um bifreiðina sem hann hafi þekkt til eða hlaut að þekkja til, sbr. b-liður 16. gr. nkpl. og verður því ekki litið svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli. Í því sambandi ber að líta til þess að óvíst er að seljandi hafi haft vitneskju um umrædda annmarka þegar kaupin fóru fram, enda hafði bifreiðin farið í gegnum ástandsskoðun nokkrum mánuðum áður og seljandi átt bifreiðina aðeins í skamman tíma. Telur nefndin jafnframt ekki hægt að líta svo á að bifreiðin svari ekki til upplýsinga sem seljandi hafi gefið um hana samkvæmt c-lið 16. gr. nkpl. Seljandi lýsti því yfir við álitsbeiðanda að bifreiðin væri „gott eintak“ en slík almenn yfirlýsing getur ekki leitt til þess að bifreiðin teljist gölluð í skilningi ákvæðisins. Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið til muna verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-liður 1. mgr. 17. gr. nkpl.

Bifreiðin var rúmlega 8 ára á kaupdegi og hafði verið ekin um 146.000 km. við kaupin. Mátti álitsbeiðandi þar af leiðandi búast við því að bifreiðin myndi þarfnast ákveðins viðhalds eða viðgerða. Hins vegar mátti álitsbeiðandi ekki með réttu gera ráð fyrir svo kostnaðarsamri og viðamikilli viðgerð, sér í lagi þegar aðeins rúmlega 5 vikur voru liðnar frá kaupunum. Þá bendir ekkert til annars en að bifreiðin hafi verið haldin framangreindum annmörkum þegar álitsbeiðandi fékk hana afhenta, enda verður að ætla að hvorki vél né sjálfsskipting bifreiðarinnar geti farið á svo skömmum tíma og litlum akstri. Ekki var komið að smurningu eða öðru viðhaldi er bifreiðin bilaði og telur kærufndin að engu marki sýnt fram á að álitsbeiðandi hafi umgengist bifreiðina með ámælisverðum hætti. Bifreiðin var því að áliti nefndarinnar haldin galla við kaupin í skilningi a-liðar 1. mgr. 17. gr. nkpl.

Seljandi hefur borið því við að álitsbeiðandi hafi vanrækt skoðunarskyldu sína við kaupin og því teljist bifreiðin ekki haldin galla, enda hafi álitsbeiðandi mátt vita um annmarka bifreiðarinnar sem komið hefðu í ljós við ástandsskoðun. Fallist er á það með seljanda að álitsbeiðandi hafi ekki uppfyllt skoðunarskyldu sína að öllu leyti með því að hafa ekki látið óháðan aðila skoða hana áður en kaupin fóru fram líkt og æskilegt er, þó það sé ekki skylda. Það hefði mögulega leitt í ljós raunverulegt ástand bifreiðarinnar þó ekki sé hægt að slá því föstu að gallinn hefði uppgötvast. Í málinu bendir hins vegar ekkert til þess að álitsbeiðandi hafi vitað eða mátt vita að galli væri á bifreiðinni. Hinn almenni neytandi, sem hefur ekki sérfræðiþekkingu á bifreiðum, lítur oft á tíðum svo á að bifreið sé í góðu ástandi þegar engar athugasemdir eru gerðar í aðalskoðun skömmu fyrir kaupin. Að auki var bifreiðin keypt af aðila sem sérhæfir sig í sölu bifreiða og álitsbeiðandi lagði traust sitt á orð hans um að bifreiðin væri í góðu standi. Verður að fallast á það með álitsbeiðanda að enginn geri ráð fyrir því að ráðast þurfi í viðgerðir, rúmlega mánuði eftir kaupin, sem hlaupi hátt á verð bifreiðarinnar.

Það hvílir skoðunarskylda á kaupanda bifreiðar, en umræddir gallar voru ekki þess eðlis að álitsbeiðandi hafi sjálf mátt sjá þá við skoðun fyrir kaupin jafnvel þótt skoðunin væri ítarleg. Þá eru gallar bifreiðarinnar svo verulegir að aðgæsluskortur álitsbeiðanda kemur ekki í veg fyrir að hún geti krafist bóta vegna gallans. Nefndin getur því ekki fallist á að bifreiðin teljist gallalaus vegna vanrækslu á skoðunarskyldu.

Í 26. gr. nkpl. segir að ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök kaupanda né stafi af aðstæðum sem hann varða geti hann, samkvæmt ákvæðum 29. – 33. gr. nkpl. krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt 28. gr. Álítur nefndin að álitsbeiðandi geti krafist skaðabóta fyrir fjárhagslegt tjón sitt vegna viðgerðar á þeim galla sem bifreiðin var haldin við sölu samkvæmt 33. gr. nkpl.

Álitsbeiðandi hefur krafist skaðabóta að fjárhæð 950.000 krónur vegna viðgerða á bifreiðinni en krafan sundurliðast í sannanlega útlagðan kostnað vegna kaupa á notaðri vél fyrir 250.000 krónur samkvæmt fyrirbyggjandi reikningi, og fyrirsjáanlegan kostnað við

viðgerð á sjálfsskiptingu, en áætlaður kostnaður er 700.000 krónur. Þar sem endanlegur kostnaður liggur ekki fyrir vegna viðgerðar við sjálfsskiptingu, og framangreind fjárhæð hefur ekki verið staðfest af þar til bærum aðila í gögnum málsins, ber seljanda að greiða samkvæmt framlögðum reikningi álitsbeiðanda vegna viðgerðarinnar, er hann liggur fyrir.

Álitsbeiðandi getur beint kröfum sínum að seljanda bifreiðarinnar en seljandi kann aftur á móti að eiga kröfu á hendur þeim sem hann keypti bifreiðina af, enda átti hann bifreiðina aðeins um skamman tíma. Kærunefndin tekur hins vegar ekki afstöðu til þess enda er sá seljandi ekki aðili að máli þessu.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu 6. júlí til 19. október 2016 var kærunefndin óstarfhæf sökum þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð. Þeir einstaklingar sem áður höfðu haft skipun til starfa í nefndinni voru því umboðslausir og höfðu ekki heimild til að sinna nefndarstörfum.

VII Álitsorð

Seljanda, Y, ber að greiða álitsbeiðanda skaðabætur vegna galla á bifreiðinni XX-000, að fjárhæð 250.000 krónur vegna kaupa á notaðri vél og þann kostnað sem verður vegna viðgerðar á sjálfsskiptingu bifreiðarinnar samkvæmt reikningi, þegar hann liggur fyrir.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson